


## MAGASPEGLUN



Febrúar 1998/GG,GK, JFJ.  
Endursk. í okt. 2015/GG/TV  
rmbæk10

**HVE Akranesi**  
Sími 432 1000, fax 432 1001  
[www.hve.is](http://www.hve.is)

**Heilbrigðisstofnun Vesturlands**  
**Akranesi**  
Sími 432 1000, fax 432 1001  
[www.hve.is](http://www.hve.is)

## Magaspeglun

### Hvað er rannsakað ?

Vélinda, magi og skeifugörn.

### Hver er undirbúningur ?

Fasta í 5 klst. fyrir skoðunina, þ.e. ekki borða en drekka má vatn þar til 2 klst. fyrir skoðun.

Reykið ekki a.m.k. 8 klst. fyrir rannsókn.

Ef þú tekur blóðþynningarlyf (Kóvar, Hjartamagnyl eða Plavix), láttu okkur vita minnst 3 dögum fyrir speglun. Taktu með þér upplýsingar um öll þín lyf.

### Hvernig fer rannsóknin fram ?

Þú liggur á vinstri hlið. Fjarlægja þarf lausar tennur meðan á rannsókninni stendur.

Staðdeyfandi lyfi er úðað í kok.

Oft er gefið róandi lyf í æð fyrir skoðunina.

Munnstykki er sett í munn og sveigjanlegri slöngu rennt niður.

Þú verður beðinn um að kyngja á meðan slangan fer niður í gegnum kokið. Hægt er að taka vefjasýni án sársauka.

Skoðunin tekur 3-5 mín.

### Er þetta sárt ?

Venjulega ekki, hins vegar getur rannsóknin valdið óþægindum í koki. Einnig í maga vegna lofts sem dælt er niður til að auðvelda yfirsýn.

### Hver er eftirmeðferð ?

Ef þú liggur á spítalanum er þér ekið í rúmi á stofuna þína. Annars þarftu að vera á spítalanum í u.þ.b. 1 klst. eftir skoðunina, ef þú hefur fengið róandi lyf.

Ath. að þú mátt ekki aka bíl í ca. 4 klst. eftir speglun ef þú hefur fengið róandi lyf.

**Ath. að vegna kokdeyfingar þarft þú að vera fastandi í u.þ.b. 1 klst.**

eftir rannsóknina.

### Hvað sýndi skoðunin ?

Þú færð upplýsingar strax að skoðun lokinni. Hafi vefjasýni verið tekin þarf að bíða í viku eftir niðurstöðum.

### Hvar er skoðunin gerð ?

Skoðunin er gerð á speglunardeild á 1. hæð SHA.

**Þú getur frekari upplýsingar eða breyta tímasetningu getur þú haft samband við speglunardeild í síma 432 1040.**

### Þú átt tíma í magaspeglun:

\_\_\_\_\_ daginn

\_\_\_\_\_

kl. \_\_\_\_\_

Með kveðju,  
starfsfólk speglunardeildar SHA

